



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

**Annálar og deilumál á 14. öld**  
*Umræða um heimildagildi*

Verkefni til BA-prófs í Sagnfræði

Bjartur Logi Fránn Gunnarsson

Janúar 2016

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

# Annálar og deilumál á 14. öld

*Umræða um heimildagildi*

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Bjartur Logi Fránn Gunnarsson

Kt.: 100492-2029

Leiðbeinandi: Sverrir Jakobsson Janúar 2016

## Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.A. prófs við sagnfræðideild Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er fjallað um heimildargildi annála og afstöðu annálaritara í ljósi þess sem sagt er í annálum um tvo háttsetta embættismenn á fjórtánu öld. Helsta rannsóknarspurning ritgerðarinnar er því: *Hvert er heimildagildi annála og hver er afstaða annálaritara til atburða sem áttu sér stað á fjórtánu öld?*

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er fjallað um annála sem snerta þá tvo menn sem hér eru einkum til athugunar. Einnig eru rannsóknir sagnfræðinga á þessum annálum skoðaðar og tekið tillit til þeirra við mat á heimildargildi upplýsinga.

Í öðrum hluta er sérstaklega hugað að upplýsingum sem annálar veita um Grím Þorsteinsson lögmann og hirðstjóra á fyrri hluta 14. aldar. Þær heimildir eru síðan skoðaðar og bornar saman við aðrar heimildir, einkum úr skjólum.

Í þriðja hlutanum eru athugaðar þær heimildir sem annálar veita um Jón skalla Hólabiskup. Um hann er töluvert meira fjallað í annálum heldur en um Grím Þorsteinsson og því er kafli um hann talsvert lengri en annar kafli. Þannig að vegna fjölda heimilda var mér unt að fjalla mun ítarlegar um rannsóknarefnið en í fyrra dæminu.

Í loka kaflanum er rannsóknin dregin saman í stuttu máli og reynt að komast niðurstöðu. Einnig er almennt notagildi annála skoðað í samhengi við niðurstöður þessarar rannsóknar.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
1 Inngangur .....	5
2 Annálar .....	7
2.1 Heimildagildi og afstaða.....	11
3 Grímur Þorsteinsson .....	14
3.1 Grímur hirðstjóri.....	16
4 Jón skalli .....	19
4.1 Jón Hólabiskup .....	21
4.2 Ágreiningur vegna skilríkjaleysis.....	23
4.3 Endurkoma Jóns Hólabiskups .....	26
4.4 Eftir sáttargjörð.....	28
5 Áreiðanleiki.....	31
Niðurstaða.....	33
Heimildaskrá.....	35

# 1 Inngangur

Tilgangurinn með þessari ritgerð er að rannsaka heimildagildi annála og afstöðu annálaritara á 14. öld. Til þess eru tveir merkir menn rannsakaðir, sá fyrri er Grímur Þorsteinsson (d. 1350) lögmaður og hirðstjóri en sá seinni Jón skalli Eiríksson Hólabiskup 1358-1390. Farið verður yfir sögu þessara tveggja manna eins og hún er rituð í hinum ýmsu annálum og ólíkar frásagnir annálaritara bornar saman. Í rannsókninni verður einnig tekið tillit til fyrri rannsókna sagnfræðinga, á borð við Eriku Sigurdsson og Hermann Pálsson, á þessu efni og mismunandi ályktanir þeirra. Rannsóknar spurningar ritgerðarinnar eru því; eru heimildir annála um þessa menn ríkulegar? Greinir annála á um störf þeirra? Hvað vitum við um þá og hvað ekki á grundvelli þess sem annálar segja okkur?

Mikið hefur verið ritað um Jón skalla Eiríksson Hólabiskup í annálum enda eru ýmsar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi hefur hann þótt mikilvægur fyrir sjálfa biskupsstöðu sína en á miðöldum þótti biskupsembættið sérstaklega virðulegt og biskupar mikilvægir fyrir samfélagið í heild sinni. Í öðru lagi réð kirkjan yfir miklum landareignum, hlunnindum og öðrum landkostum. Biskup var þar æðsta yferráð og hafa ákvarðarnir hans þar af leiðandi komið mörgum landsmönnum við. Í þriðja lagi má álykta að staða kirkjunnar var sterkari, kirkjusókn meiri og dýrlingasögur frekar í hágvegum hafðar. Aftur á móti er allt önnur saga að segja frá mönnum úr öðrum embættum, til að mynda hirðstjórum á borð við Grím Þorsteinsson. Þrátt fyrir að Grímur megi þykja merkilegur hirðstjóri þá fjalla annálar yfirleitt töluvert minna um hann en t.d. Jón skalla biskup. Gert er grein fyrir helstu ferðum Gríms og þegar hann tók við nýjum embættum og er það eiginlega allt og sumt. Má það þykja merkilegt og til marks um afstöðu annálaritara og finnst þeim saga biskups einhverra hluta vegna áhugaverðari. Þó ber að hafa í huga almennan heimildaskort á því tímabili sem Grímur var við völd ca. 1320-1350. Tengsl annálahöfunda við valdhafa hafa eflaust líka haft mikil áhrif á annálagarð<sup>1</sup> með meðferð heimilda og efnisval. Oft vantar mikilvægar upplýsingar í suma annála sem finnast þó í öðrum sem fjalla um sama tímabil. Það er því hugsanlegt að í sumum tilfellum hafni

---

<sup>1</sup> Annálagarð fór yfirleitt fram í klaustrum eða öðrum kirkjulegum stofnunum.

annálahöfundar þeirri vitneskju sem heimildir eldri annála geymdu, þ.e. að þeir hafi sniðgengið vissar heimildir sem þeir hafi talið óþarfar eða hafa hugsanlega ekki hentað þeirra sögutúlkun. Aftur á móti reyndu sumir annálahöfundar líkt og Gottskálk Jónsson að auka við annálsheimildir sínar með ýmsu móti t.d. með því að fylgja öðrum ritum og/eða munnlegum heimildum.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Hermann Pálson, *Eftir þjóðveldið* bls. 92-93.

## 2 Annálar

Annálar voru ef til vill fyrst ritaðir af Rómverjum til forna en þeir annálar sem skráðir voru á miðöldum voru fyrst ritaðir á áttundu öld. Talið er að annálar miðalda hafi verið skráðir í klaustrum og að upphaflega hafi tengst þeirri skyldu klaustramanna að reikna út dagsetningu páska ár hvert. Þar sem annálarnir hefjast oft á fæðingu Krists eða jafnvel fyrir er sjálf gefið að margir atburðir sem eru skráðir í annálum eru ekki vottarheimildir fyrir daga annálaritunar. Sagnfræðingurinn Eldbjörg Haug bendir á að íslensku annálarnir eigi margt sameiginlegt með enskum annálanum og byggji t.d. tímatal sitt á tímatali enska dýrlingsins Beda (673-735). Haug telur því að íslensku annálaritarar hafi hermt eftir þeim ensku að mörgu leiti.<sup>3</sup> Resensannáll, Forni annáll, Høyers annáll og Konungsannáll eru fjórir elstu varðveittu Íslensku annálarnir og eru skráðir á árabílinu ca. 1250-1430. Af þessum fjórum annálum nær varðveitti hluti Konungsannáls lengst, til 1341, en Resensannáll styðst eða til 1295. Hins vegar benti Natanael Beckman á að getið er um sólmyrkva í annálum sem er dagsettur nákvæmlega rétt, sem varð þann 30. mars 1131 og var ekki sýnilegur austar en á Íslandi. Beckman nefnir fleiri dæmi því til stuðnings um að annálar hafi fyrst verið ritaðir á 12. öld á Íslandi, til dæmis heimildir um Heklugos árið 1104.<sup>4</sup>

Í frásögn sinni á hinum og þessum atburðum eru annálarnir sundurlausari en t.d. sagnaheimildir og ólíkir þeim þar sem nánast er aðeins fengist við skráningu í flestum tilfellum án nokkurar skreytinga. Sagnfræðingurinn Ottar Dahl segir í einni bók sinni um heimildagildi annála og annara frumheimilda; „[h]ið bókmenntalega form frásagnarinnar mun hafa áhrif á það, og ýta undir fordóma þess. Brotakennd skráning annálanna mun, á hinn bóginn, skilja eftir sig upplýsingar án skreytinga.“<sup>5</sup> Þannig að hin brotakennda skrásetning sem greinir oft annála frá öðrum heimildum eykur þannig áreiðanleika þeirra frekar en hitt samkvæmt Dahl.

---

<sup>3</sup> Haug, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls. 264.

<sup>4</sup> Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum*, bls. 253-256.

<sup>5</sup> Dahl, *Grunntrekk i historieforskningens metodelære*, bls.47.

Árið 1888 gaf Gustav Storm út tíu annála sem voru skráðir fram til 1578. Annálarnir eru frumheimild sem segja frá atburðum á Íslandi og annarsstaðar og hafa sagnfræðingar lengi verið að fást við þá og skoðað upplýsingar þeirra í samhengi við stjórnarfarsmál á Íslandi sem og afstöðu annálaritara. Þeir annálar sem notaðir verða í þessari ritgerð eru sjö:

1. Konungsannáll (Annales regiii) nær til 1341. Hann er álitinn samtímaheimild og áreiðanlegur frá árinu 1300, jafnvel 1280. Hugsanlega var hann ritaður í Þingeyrarklaustri.<sup>6</sup>
2. Skálholtsannáll fannst í Skálholti og hefst hann árið 140 og þrýtur 1356. Hann er mikilvægur varðandi tímabilið frá um 1320 en nær auðsjáanlega ekki yfir allt tímabilið sem rannsakað er hér. Annállinn geymir nokkur atriði sem vantar í aðra annála. Samkvæmt Storm er annállinn samtímaheimild á 14. öld, það er að viðburðir gerðust í samtíð annálaritara. Þó er hugsanlegt að tímabilið 1349 til 1356 séu viðbætur sem hafa verið ritaðar seinna þar sem rithátturinn er frábrugðin og efnisgreinarnar styttri. Það sem einkennir helst annállinn er að hann virðist leggja frekari áherslu á alþjóðamál en margir aðrir annálar. Einnig vísar hann nokkurn veginn jafnt til Skálholts- og Hólabiskupa. Þá fjallar annállinn mikið um kirkjumál og er mögulegt að hann hafi verið ritaður af klerki eða fyrir klerka.<sup>7</sup>
3. Annálsbrot frá Skálholti (1328-1430) fjallar um tímabilið sem hér er rannsakað og telur Storm það líklegast vera samtímaheimild. Hann telur að annállinn hafi verið ritaður í Möðruvallaklaustri í Hörgárdal, þrátt fyrir að hann hafi fundist í Skálholti á sautjándu öld, og eru rök hans þau að töluvert er fjallað um þróað klaustrarsins. Storm bendir á að Annálsbrotið teki frekar afstöðu með Eyfirðingum í deilumáli þeirra við Jón skalla ólíkt Lögmannsannáli sem tekur frekar afstöðu með Jóni. Brotið gefur lesendanum ákveðna sýn á þessi deilumál frá sjónarhorni Eyfirðinga og sýnir þar með að annálaritarar voru í raun ekki hlutlausir um þau mál sem varða þá og þeirra liðsmenn. Ætti þessi annáll því að vera gagnleg heimild, svo langt sem hann nær. Storm telur að tíu annálaritarar hafi komið að verkinu og að þá hafi sá fyrsti ritað meiri hluta textans frá árunum 1328-1362 en

---

<sup>6</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xi-xv.

<sup>7</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xv-xviii.



síðar hafi níu aðrir ritarar skipst á frásagnarrituninni.<sup>8</sup> Tímatali í Gottskálksannál, Skálholtsbrotinu, og hinum annálunum ber ekki alltaf saman sem gæti orsakast af því að prestar skiptu með sér verkum í gegnum tíðina.<sup>9</sup> Gottskálksannál og annálsbrotið er oft einu til tveimur árum á undan hinum, t.d. má nefna Grundarbardaga sem Gottskálksannál setur árið 1361 en ekki 1362 líkt og Flateyjarannál og Lögmannsannál gerðu.<sup>11</sup>

4. Lögmannsannál (111-1430) skráði Einar prestur og officialis Hafliðason (1307-1393) á Breiðabólstað í Vesturhópi frá byrjun annálsins til 1362. Hann var sjálfur uppi þegar þeir atburðir gerðust sem skipta máli hér og var viðriðinn deilur eyfirsku prestanna og höfðingjanna við Jón biskup skalla. Eftir lát höfundar hefur annál þessum verið fram haldið til 1430 og telur Storm það vera hugsanlegt að ritunin hafi verið færð frá Hólum til Skálholts þar sem seinni hlutinn hefur verið skráður en greina má fimm mismunandi annálarithendur.<sup>12</sup> Þessi annál er eina heimildin um flesta atburði á tímabilinu frá 1393 þar til honum líkur 1430. Hafa ber í huga að tímatal þessa annáls er oft rangt sem gæti verið afleiðing þess hversu margir bættu við hann. Storm gerði ráð fyrir því að annállinn væri eldri en hinir svokölluðu annálar frá norður strönd Íslands sem að Gottskálksannál er byggður á og einnig eldri en Flateyjarbók<sup>13</sup>, ólíkt því sem að Hermann Pálsson og Sverrir Jakobsson töldu síðar.<sup>14</sup> Síðasti hluti annálsins frá 1393 til 1430 er oft kallaður Nýi annál. Er Nýi annál talinn vera síðasti Íslenski annállinn sem ritaður var að hluta til á fimmtánda öld.<sup>16</sup>
5. Gottskálksannál (36-1578) ritaður af feðgunum séra Gottskálki Jónssyni (f. um 1524-1590) sem var prestur, sýslumaður og sagnaritari í Glaumbæ í Skagafirði og syni hans Jóni Gottskálkssyni í Hvammi, á Reynistað. Gottskálk Jónsson var dóttursonur Gottskálks biskups Nikulássonar. Annállinn er ritaður upp úr eldri

---

<sup>8</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xx.

<sup>9</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xviii-xx.

<sup>11</sup> Einar Bjarnason, „Árni Þórðarson, Smiður Andrésson og Grundar-Helga“, bls. 94-95.

<sup>12</sup> Rithendur annálaritara.

<sup>13</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xxii-xxiv.

<sup>14</sup> Sverrir Jakobsson tekur undir sjónarmið Hermanns Pálssonar, úr sögu Helgafellsklosturs, þar sem Hermann flokkar fyrri hluta Gottskálksannáls (sem nær til 1394) með vestlenskum annálum. Sjá Sverrir Jakobsson, „Ísland til leigu“, bls.87.

<sup>16</sup> Erika Sigurdson, *The Church in fourteenth-Century Iceland*, bls. 69.

annálum allt til 1394 en þeir eru glataðir. Þar er nokkuð um upplýsingar sem finnast ekki í hinum annálunum. Hermann Pálsson hefur fært rök fyrir því að skipta megi annálnum í tvennt þannig að fyrri hlutinn nær til ársins 1394 og seinna tímabilið sem feðgarnir bættu við nær frá 1395 til 1578. Við skrásetningu fyrra tímabilsins telur Hermann að Gottskálk Jónsson hafi notast við heimildir úr Vestfirðingafjórðungi og benda mörg atriði í annálnum til Helgafells og nágrennis en Gottskálk virðist einnig hafa bætt við ýmsum öðrum heimildum. Annállinn hefur að miklu leyti verið ritaður út frá vestlenskum viðhorfum allt til loka fjórtándu aldar. Aftur á móti virðist hann einnig hafa tengsl við norðlensku kirkjuna og fjallar mikið um mál norðanlands sem gæti verið komið frá Gottskálki sjálfum.<sup>17</sup> Storm var raunar einnig á þeirri skoðun að hluti annálsins eða nánar tiltekið tímabilið 636-1394 væri afrit af eldri annál sem væri glataður. Að mati hans hefur annállinn að geyma ítarlegar upplýsingar um Skálholtsbiskupsdæmi og sýnir iðulega málsatvik frá því sjónarhorni.<sup>18</sup>

6. Flateyjarannáll (1150-1394) er kenndur við Flatey og finnst í Flateyjarbók og er hann skráður á árabílinu 1388-1394 af Magnúsi presti Þórhallssyni fyrir Jón Hákonarson í Víðidalstungu. Annállinn styðst töluvert við Lögmansannál og endurtekur tímavillur hans sérstaklega til 1388.<sup>19</sup> Hermann Pálsson gerði sér einnig grein fyrir að rithöfundur annálsins hefði „þekkt til staðháttanna í Flatey“<sup>21</sup> og að annállinn hafi stuðst við Víðidalstunguannál og að flateyskur maður hafi síðar aukið við heimildina, sem seinna kemur í ljós að var Magnús prestur Þórhallsson. Hluti Magnúsar er töluvert nákvæmari og hefur líka lengri inngang að hverju umfjöllunarefni. Í annálnum er lögð meiri áhersla veraldleg málefni og þá sérstaklega stjórnsmál sem er greinilegt í hluta Magnúsar. Í þessu samhengi er eitt athyglisvert dæmi sem var deila Bjarnars Einarssonar Jórsalafara og Þórðar

---

<sup>17</sup> Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*, bls. 76.

<sup>18</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xxv-xxxii.

<sup>19</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. xxxii-xxxviii. og Erika Sigurdson, *The Church in fourteenth-Century Iceland*, bls. 70.

<sup>21</sup> Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*, bls. 63.

Sigmundssonar á árunum 1393 og 1394. Einnig minnst Hermann á skyldleika annálsins við aðra vestlenska annála og sérstaklega Skálholtsannál.<sup>22</sup>

7. Oddaverjaannáll (1-1427) nær yfir tímabilið en er veigalítill heimild og mjög óskýr. Mikið af upplýsingum sótt beint úr Lögmannsannál að undanteknum fáeinum greinum sem styðjast má við.<sup>23</sup>

Mörg annálsefnin eiga mikið sameiginlegt við aðrar annálsgerðir á fjórtánda öld en ferill slíkra atriða er frekar torskýrður. Í eðli sínu er skyldleiki elstu annálanna mjög flókinn og það er líka verulegur skortur á upplýsingum um annálaritunina og/eða annálaritara. Sú kenning virðist trúverðug að varðveittir annálar byggist á eldri glötuðum annálum og ef það er rétt þá munu eldri annálarnir væntanlega hafa haft mikil áhrif á hina yngri. Þrátt fyrir að þessi kenning sé sannfærandi geta rannsakendur þó ekki eingöngu skýrt afstöðu varðveittra annála út frá glötuðum gerðum. Líkt og Hermann Pálsson segir má ganga út frá því að það hafi verið „...gagngerð áhrif annálagarða, hverra á aðra,“<sup>24</sup> í því samhengi að yfirleitt hafi annálaritun tengst klaustrum og biskupsstólum. Hann nefnir einnig að munkar sem skrifuðu suma annálana „...voru ekki bundnir við sömu klaustur alla ævi, heldur skiptu þeir stundum um verustað...“<sup>25</sup> sem hefur eflaust haft áhrif á afstöðu þeirra, nýir áhrifavaldar, nýir yfirboðarar.

## 2.1 Heimildagildi og afstaða

Erika Sigurdson hefur fjallað um elstu annála sem vitað er um í Skandinavíu, frá Lund í Danmörku og voru skráðir á fyrri hluta tólftu aldar til miðrar þrettánda aldar. Fyrr en varði var annálaritun orðin útbreidd í Danmörku og síðar víðsvegar um Skandinavíu. Þessi síður barst síðan til Íslands þar sem elstu annálarnir sem vitað er um eru skráðir á síðari hlutir þrettánda aldar.<sup>26</sup> Það sem gerir Íslensku annálana sérstaka að mati Eriku er að þeir víkja oftar frá hinu hefðbundna „annála formi“ sem einkennist af einfaldri skráningu.<sup>27</sup> Hún gerir grein fyrir því að atburðir eru oft skráðir í formi frásagnar og oftar en ekki í góðu samræmi við heildarsöguna. Þar tekur hún dæmi um deilur Þorsteins

---

<sup>22</sup> Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*, bls. 62.

<sup>23</sup> Storm, *Íslandske Annaler indtil 1578*, bls. xxxviii-xxxvi.

<sup>24</sup> Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*, bls. 92.

<sup>25</sup> Hermann Pálsson, *Eftir þjóðveldið*, bls. 92.

<sup>26</sup> Erika Sigurdson, *The Church in fourteenth-Century Iceland*, bls. 65.

<sup>27</sup> Erika Sigurdson, *The Church in fourteenth-Century Iceland*, bls. 73-74.

Hallssonar og fylgjenda hans gegn Jóni skalla og Grundarbardagi og tengjast saman í ýmsum annálum á ólíkan hátt. Annálaritun á Íslandi virðist hafa verið hætt snemma á fimmtánda öld en síðan haldið áfram um miðja sextánda öld en líkt og Helgi Þorláksson sagnfræðingur tekur fram þá er lítið vitað um þá stjórnfarslegu og samfélagslegu þætti sem leiddu til þess að menn hættu að skrifa annálana á þessu tímabili.<sup>28</sup>

Heimildargildi og afstaða einstakra annálaritara hafa verið rannsökuð af virtum sagnfræðingum á borð við Helga Þorláksson og Hermann Pálsson. Elizabeth Ashman Rowe fjallar sérstaklega um það hvernig ákvæði annálanna geta veitt okkur upplýsingar um stjórnmalahætti og gefið okkur innsýn inn í hugsunarhátt manna á þessu tímabili. Oft er þetta viðfangsefni snúið þar sem nánast sérhver annáll var skrifaður í nokkrum brotakenndum hlutum af hinum og þessum mönnum, sem oft eru óþekktir, á mismunandi tímabilum. Vitað er að annálaritarar skildu líka eftir sig eyður sem þeir ætluðu að fylla upp í seinna og bæta við upplýsingum um liðna tíma þegar þeir endurskrifuðu eldri annála. Einnig er þekkt að annálaritarar bættu við upplýsingum úr öðrum heimildum við annála.<sup>29</sup>

Líkt og Eldbjörg Haug nefnir þá eru Íslensku annálarnir ríkasta og þar með mikilvægasta heimildin um stjórnarfar í Noregi á fjórtánda öld, þrátt fyrir að vera ekki ritaðir í tengslum við konunglegar stofnanir. En annálarnir virðast flestir hafa verið skrifaðir í klaustrum og öðrum kirkjustofnunum hér á landi, líkt og annars staðar á Norðurlöndunum.<sup>30</sup> Í ritgerð sinni leggur Haug til að annálana eigi að rannsaka sem dæmi um frásagnarheimild þar sem skráning sögulegra atburða gat verið innlegg í ýmsar deilur samtímamanna en ekki hlutlaus skráning atburða.<sup>31</sup>

Til að ákvarða áreiðanleika annála er nauðsynlegt að hafa ýmislegt í huga og vert væri að spyrja sig spurninga á borð við hvort stakur annálahluti sé afrit af eldri texta eða saminn af annálaritara? Eldbjörg Haug telur að meta eigi annála út frá því hvenær þeim lýkur; líklegt sé að þeir endurspegli afstöðu þeirra sem gengu síðast frá annálunum. Einnig bendir hún á að það eigi að meta afstöðu annálanna frekar út frá því tímabili sem þeir voru ritaðir á heldur en eingöngu út frá því sem þeir lýsa. Að lokum bendir hún á

---

<sup>28</sup> Helgi Þorláksson, „Sagnfræði um Íslandssögu“, bls. 60.

<sup>29</sup> Rowe, Elizabeth Ashman. The development of Flateyrbók, bls. 233-235.

<sup>30</sup> Haug, Eldbjörg, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls 271.

<sup>31</sup> Haug, Eldbjörg, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls 273.

hvernig annálarritararnir hafa fengið upplýsingar úr öðrum ritum á borð við fornsögur þar sem frásögur eru í samræmi við aðrar frumheimildir. Í sumum tilfellum eykur þetta við heimildagildi þeirra en í öðrum ekki.<sup>32</sup>

---

<sup>32</sup> Haug, Eldbjörg, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls 266-267.

### 3 Grímur Þorsteinsson

Grímur Þorsteinsson (d. 1350) var lögmaður, hirðstjóri og riddari á 14. öld og var sonur Þorsteins Hafurbjarnarsonar lögmanns og konu hans Guðfinnu Magnúsardóttur. Hans er fyrst getið í Flateyjarannál árið 1316 en þar segir einfaldlega; „...útkoma herra Gríms...“.<sup>33</sup> Hér er átt við að Grímur hafi komið til Íslands samkvæmt miðaldamálvenju. Aftur á móti virðist Grímur ekki hafa fengið embætti sem lögmaður sunnan- og austanlands fyrr en 1319 og gengdi hann því í u.þ.b. ár. Hins vegar vitum við að Flateyjarannál er rangt dagsettur enda hefur annálaritarinn Magnús prestur Þórhallsson byggt annállinn á eldri annállum líkt og Lögmannsannál til skráningar á þeim atburðum sem gerðust fyrir hans tíð. Þannig má álykta að Grímur hafi komið til Íslands á árabílinu 1316-1319. Nákvæmt ártál er þó óljóst og eins og Erika bendir á þá endurtekur Flateyjarannál tímavillur Lögmannsannáls allt til 1388.

Þegar kemur að sögu Gríms þá ber Konungsannál saman við aðrar heimildir sem hugsanlega styður áreiðanleika annálsins. Annállinn er mjög brotakenndur eins og sjá má í frásögn af kirkjubruna árið 1319 þar sem þrír menn eru nefndir í sömu setningu sem ekki virðast tengjast frásögninni; „(kirkjubruni á Reykjanesi Auðun biskup afturreka Grímur Þorsteinsson legifer en Erlingur fyrir norðan)“.<sup>34</sup> Út frá þessu dæmi mætti álykta að landinu hafi verið skipt upp á milli Gríms og Erlings og að Grímur hafi a.m.k. haft lögmennsku yfir Suðurlandsfjórðungi. Árið 1318 kemur fram svipuð frásögn í Flateyjarannál; „...tók lögsögn herra Grimur Þorsteinsson og Erl. H. Son...“.<sup>35</sup> Aftur er Flateyjarannál vitlaust tímasettur og greinilegt að hann byggir ekki á Konungsannál. Þessar frásagnir Konungsannáls og Flateyjarannáls gefa lesandanum ekki miklar upplýsingar um Grím en hinsvegar er athyglisvert að svo virðist sem lögumennirnir tveir hafi ekki haldið embættum sínum lengur en í eitt ár. Það má telja óraunhæft að skipa menn í svo mikilvæg embætti í svona skamman tíma þegar skipsferðir á milli Noregs og Íslands tóku langan tíma og voru hættulegar, en menn þurftu í flestum tilfellum að fara á

---

<sup>33</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 393.

<sup>34</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 151.

<sup>35</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 394.

fund Noregskonungs til að fá slík embætti. Ef þeir hafa í raun og veru ekki haldið embættum sínum lengur gæti skýringin verið að nýr konungur, Magnús VII Eiríksson, kom til valda árið 1319 og má ætla að hann hafi viljað ráða sýna embættismenn sjálfur.

Næsti annáll sem minnst á Grím Þorsteinsson er Gottskálksannáll árið 1320; „...Utanferð herra Orms electi og Auðunar biskups frá Hólum og herra Grims...“.<sup>36</sup> Biskupinn sem hér er nefndur var Norðmaðurinn Auðunn rauði Hólabiskup (1250-1322). Vitað er að sumarið 1320 fór Auðunn til Noregs til að tryggja hagsmuni sína í deilum við Íslendinga en andaðist í Niðarósi tveimur árum síðar.<sup>37</sup> Með þessa vitneskju má teljast sennilegt að Grímur hafi líka farið til Noregs þetta ár. Ekki er það þó fullvíst, og en síður að þeir hafi farið samskipa, því annálarnir voru oft þannig skráðir að upplýsingar voru eins samanþjappaðar og hugsast gat og þar af leiðandi óljósir köflum.

Einhverja hluta vegna kemur eyða í sögu Gríms líkt og það hafi ekkert gerst varðandi hann sem var fréttæmt í annálum. Þannig var það ekki fyrr en árið 1330 að Konungsannáll fjallar um hann og segir; „...tekin lögsögn af Snorra Narfasyni en herra Grímur tók við í Stafholti...“.<sup>38</sup> Vitað er að Grímur varð lögmaður og sem hér segir þá tók hann við því embætti af Snorra Narfasyni og og þar með lögsögninni í Stafholti í Borgarfirði. Hér er lítið að finna um afstöðu annálaritara í þessum málum en Konungsannáll kemur fram með mikilvægustu upplýsingarnar og er engin sérstök ástæða til að rengja framburð konungsannáls í þessu tilviki. Snorri Narfason lést tveimur árum eftir að hafa látið lögmannsembætti sitt í hendur Gríms en hafði þá gengt embættinu sínu í níu ár eða frá 1320-1329. Það kann að þykja undarlegt að Grímur hafi gengt lögmannsembætti sínu í nær helmingi styttri tíma en Snorri. Á fjórtándu öld voru þó mannaskipti tíð í slíkum embættum og fleiri lögmennt gegndu embættum sínum í u.þ.b. ár líkt og Grímur gerði sjálfur frá 1319-1320.

Flestir annálarnir sem hér eru rannsakaðir fjalla um lögmannsskipti Snorra og Gríms og eiga þessir annálar allir það sameiginlegt að þeir eru sammála um ártal þessa atburðar. Þessir annálar eru Konungsannáll, Annálsbrot kennt við Skálholt, Skálholtsannáll, Gottskálksannáll og Flateyjarannáll en þrátt fyrir að segja sömu söguna orða (umorða)

---

<sup>36</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 345.

<sup>37</sup> *Um Auðunarstofu*, bls. 167-211.

<sup>38</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 154.

þeir hana hver á sinn hátt. Hvort sem það er vegna þess að þeir byggja á hvor á öðrum, sem kann að þykja líklegt í mörgum tilfellum, eða að þeir séu ritaðir samtímis líkt og Konungsannáll er að minnsta kosti álitinn vera. Er þetta eitt þeirra fáa tilfella sem annálar eru svona samhljóma um ártöl. Velta má fyrir sér hvers vegna svona margir annálar nefna þessi lögmanskipti en sleppa mörgum öðrum upplýsingum um Grím sem mættu teljast jafn mikilvægar.

Konungsannál þrýtur síðan árið 1341 á þessum orðum; „...Utanferð Herra Gríms“<sup>39</sup>. Skálholtsannáll fjallar um sömu ferð ári seinna með orðunum; „Utanferð Síra Ásláks og herra Gríms.“<sup>40</sup> Þrátt fyrir að hvorugur annállinn gefi engar nánari upplýsingar um ferðir Gríms og Ásláks þá ferðuðust þeir líklegast til Noregs þar sem oftast er ekki er tekið fram ef menn sigldu annað. Annað sem styður þá tilgátu er að embættismenn Noregskonungs höfðu erindi sem þeir þurftu að sinna og í þeim fólst yfirleitt að fara á fund konungs varðandi stjórnsmál og erkibiskups í Niðarósi varðandi kirkjumál. Líkt og Eldbjörg Haug bendir á er líklegt að af þessum heimsóknum hafi orðið til bæði munnlegar og skriflegar heimildir sem síðar voru ritaðar í annálana. Þrátt fyrir að afstaða annálaritara gæti oft haft áhrif á skráningu upplýsinga þá getur slík endurskráning þeirra verið dæmi um almenna útbreiðslu slíkra upplýsinga.<sup>41</sup> Hafa þessar ferðir greinilega þótt mikilvægar fyrst að annálaritararnir minnst svo oft á þær án þess þó að tilgreina hvert förinni var heitið, né erindi farar. Fyrst annálaritararnir gátu þessa ekki þá er ekki ólíklegt að þeim hafi fundist það svo augljóst og óþarfi væri að endurtaka það aftur og aftur.

### 3.1 Grímur hirðstjóri

Grímur Þorsteinsson kemur ekki til sögu aftur fyrr en árið 1343 en þá er hann nefndur í Skálholtsannál og Gottskálksannál. Þar segja þeir báðir frá „...Út koma herra Gríms...“<sup>42</sup> en Skálholtsannáll bætir við; „skipað lén um Vestfirði og Sundlendinga fjórðung. og allt til Helkundu heiðar. og hrið“<sup>43</sup> stjórn og skipa lögmenn fyrir norðan land og sunnan.“<sup>44</sup> Í

---

<sup>39</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 155.

<sup>40</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 209.

<sup>41</sup> Haug, Eldbjörg, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls 272.

<sup>42</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 210 og bls. 352.

<sup>43</sup> Líkt og Gustav Storm bendir á þá merkir orðið hrið í þessari setningu hirð og hafa eflaust verið mistök hjá annálarita líkt og hann tekur fram sjá Gustav Storm, *Islandske annaler indtil 1578*, bls. 210.

<sup>44</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 210.



Þessari setningu virðist Grími einungis hafa verið skipað lén um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga. Hins vegar hlýtur Grímur að hafa fengið hirðstjórn yfir öllu landinu þar sem enginn annar hirðstjóri var nefndur í annálum sem tók hirðstjórn með Grími að þessu sinni. Þó er hugsanlegt að Grímur hafi verið sýslumaður í hluta landsins ásamt því að vera hirðstjóri yfir öllu landinu. Fram að þessu minnst annálaritarar nánast ávallt á hirðstjóra og þá sérstaklega þegar nýir hirðstjórar tóku við en í þessu tilfalli minnst hinir annálaritararnir ekkert á þessi hirðstjóraskipti sem er einkennilegt þar sem hagur allflestra landsmanna var í húfi. Hins vegar ef hirðstjóri sinnti starfi sínu ekki nógu vel og var illa þokkaður, líkt og Smiður Andrésson, hefur oft verið töluvert meira ritað um þá menn enda hefur það skipt landsmenn meira máli. Þannig hefur annálariturum ef til vill þótt mikilvægt að tilgreina þá valdamisnotkun sem sumir hirðstjórar líkt og Smiður Andrésson voru sakaðir um.<sup>46</sup> Það gæti því verið vísbendingu um að sátt hafi verið um störf Gríms Þorsteinssonar að lítið var ritað um hann í annálum um þetta leiti. Á sama ári og Magnús IV konungur (1316-1374) veitir Grími embættið í ágúst var mikil mótstaða gegn Magnúsi í Noregi sem endaði með málamiðlun konungs við norska aðalinn í Varbergi þann 15. ágúst 1343. Þá var yngri sonur Magnúsar, Hákon VI (1340-1380), lýstur erfingi norsku krúnunnar og faðir hans lét af völdum. Þessi valdaskipti á milli Magnúsar og sonar hans virðast ekki hafa haft neinar stórar afleiðingar fyrir stöðu Gríms sem hirðstjóra en hann hélt embættinu í um tvö ár eftir að eða frá 1343-1345.

Grímur kemur aftur við sögu í Skálholtsannál 1346; „...Útkoma herra Orms biskups og herra Gríms með lögsögn fyrir norðan land...“<sup>47</sup>. Hér með er hirðstjórastöðu Gríms lokið sem hann hafði haldið í tvö ár en hefur verið tilnefndur lögmaður norðanlands í staðin. Frá og með þessum tíma eru hirðstjórar og sýslumenn skipaðir til mjög skamms tíma og var svo fram að áttunda áratug fjórtánda aldar.<sup>48</sup> Þessu lögmansembætti hélt hann allt til dauðadags, eða frá 1346 til 1350. Allur gangur var á því hversu lengi hirðstjórar héldu embættum sínum og fór það eftir ýmsu hvað hafði áhrif á lengd embættisskeiðs. Lengd valdatíma hirðstjóra gat stjórnað m.a. á valdaskiptum yfirboðara þeirra, hvernig hirðstjóranir beittu valdi sínu og svo ekki sé minnst á fráfali þeirra. Ekkert

---

<sup>46</sup> Sverrir Jakobsson, „Ísland til leigu.“, bls. 76-82.

<sup>47</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 212.

<sup>48</sup> Sverrir Jakobsson, „Ísland til leigu.“, bls. 91-93.

í annálum bendir til þess að Grímur hafi að nokkru leiti misnotað vald sitt en á hinn bóginn er þátt að lesa um gang embættismála Gríms úr annálum, þögnin segir þar sitt.

Aðrar heimildir sem vert er að nefna í sambandi við Grím eru skjöl sem prentuð eru í Íslensku fornbréfasafni. Í bréfi sem Grímur skrifar árið 1346 lýsir hann því yfir að hann muni gefa klaustrinu í Viðey reka fyrir Hraunslandi í Grindavík.<sup>49</sup> Einnig er til stutt bréf frá 1397 þar sem skráð er biskupslíkneski sem Grímur hafði ætlað til bænahússins í Herdísarvík.<sup>50</sup> Af þessu mætti álykta að Grímur hafi átt einhverjar af jarðir á þessum slóðum þá til dæmis í Grindavík og Herdísarvík. Í sama safni er vottað fyrir öðrum bréfum af Jóni ábóta af Þykkvabæ 1405<sup>51</sup> og af Árna Ólafssyni biskup 1417 án þess að tilgreina innihald.<sup>52</sup>

Um fjölskyldu Gríms er það eitt vitað sem segir í Gottskálksannál 1347 að „...höggvin Ólafur kláði son herra Grims...“<sup>53</sup> en ekki er ljóst hvers vegna hann var tekinn af lífi þar sem annálarnir minnst ekki frekar á það. Hugsanlega er sonur annars Gríms hér á ferð því hingað til hafa embættisfærslur Gríms sýnst átakalausar. Um dauða Gríms sjálfs fer önnur saga þar eins og kemur fram í Gottskálksannál 1352; „Ó herra Gríms lögmanns.“<sup>54</sup> Þetta „Ó“<sup>55</sup> fyrir framan Grím merkir að hann hafi fallið frá þá 1352. Aftur á móti var Grímur skráður í Flateyjarannál látinn ár seinna; „...andaðist herra Grímur...“<sup>56</sup>. Í þessu tilfelli hefur annállinn að öllum líkindum fengið þessa tímavillu úr öðrum eldri annálum.

---

<sup>49</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*; 3. bindi, bls. 831-832.

<sup>50</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*; 4. bindi, bls. 101.

<sup>51</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*; 4. bindi, bls. 250-251.

<sup>52</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*; 3. bindi, bls. 708-709.

<sup>53</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 353.

<sup>54</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 355.

<sup>55</sup> Ó er stytting á latneska orðinu obitus sem þýðir „andlát“ á latínu, sjá Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 355.

<sup>56</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 405.

## 4 Jón skalli

Jón skalli Eiríksson (d. 1391) var biskup á Hólum frá árinu 1358 til 1390, eða í 32 ár. Líkt og fyrirrennari hans var Jón norskur og hefur líklega verið fæddur á árabílinu 1310-1320. Ekkert er í raun vitað um ætt hans eða uppruna en hann virðist hafa verið komin af háttsettri ætt. Bróðir hans var Gottskálk Eiríksson sem var forfaðir Hólabiskupanna Gottskálks Keníkssonar (biskup 1442-1457), Ólafs Rögnvaldssonar (biskup 1459-1495) og Gottskálks Nikulássonar (biskup 1496 -1520). Áður en Jón skalli varð biskup á Hólum hlaut hann biskupsvígslu til Garða á Grændlandi árið 1343.<sup>57</sup> Þegar þáverandi Hólabiskup Ormur Ásláksson (biskup 1342-1356) lést fór Jón til Avignon til þess að fá páfaleyfi fyrir biskupsdæmi á Hólum. Jón fékk bréf, sem er varðveitt í norska fornbréfasafninu, frá Ólafi erkibiskupi í Niðurósi til Innocentius VI páfa (f. 1282/1295-d.1362) með þeirri beiðni að Jón skildi taka við Hólabiskupsembættinu.<sup>58</sup> Páfinn veitti Jóni leyfið (skilríkið) sem Ólafur erkibiskup í Niðarósi staðfesti.

Fyrst er minnst á Jón árið 1343 í flestum annálunum en í Skálholtsannál segir; „Vígðir biskupar herra Jón Sigurðar son til Skálholts. Ormur Ásláksson til Hóla...Jón skalli Eiriksson til Grænlands. og komst eigi.“<sup>59</sup> Svipaðar lýsingar eru í hinum annálunum en Gottskálksannáll sem minnst ekkert á þennan atburð. Má teljast undarlegt að Gottskálksannáll skyldi sleppa þessum mikilvægu upplýsingum þar sem annállinn fjallar fremur ítarlega um aðra atburði sem tengdust Jóni. Að öllum líkindum hefur ekki verið ritað um vígslu hans til Grænlands í Helgarfellsannál (sem Gottskálksannáll er að miklu leyti byggður á) og er ólíklegt að Gottskálk Jónsson hafi gleymt að skrá þessa atburði, sjálfur prestur í Glaumbæ í Skagafirði, og ættu því upplýsingar um kirkjumál að hafa verið honum mikilvægar. Að auki má nefna að Oddverjaannáll minnst á þetta en samkvæmt honum gerðist það einu ári fyrir eða 1342 að Jón fékk biskupsembætti yfir Grænlandi. Ólíklegt er að Jón hafi nokkurn tímann farið til Grænlands þar sem

---

<sup>57</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 273.

<sup>58</sup> *Regesta Norvegica*, bls. 154.

<sup>59</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 210.

Gottskálksannáll getur þess ekki og Skálholtsannáll segir að hann hafi ekki komist þangað, þá er óljóst hvort og hvernig fylgst var með kirkjumálum í Grændlandi.

Síðan er ekkert á Jón skalla minnst fyrr en sex árum síðar eða árið 1349 samkvæmt Flateyjar- og Oddverjaannál en 1350 í Lögmannsannál. Í Flateyjarannál segir við árið 1349; „en þeir voru astantes Ormur og herra Jón skalli. því að þeir einir biskupar lifðu í Noregi.“<sup>60</sup> Líkt og Ole Jørgen Benedictow nefnir, í doktorsritgerð sinni *Plague in Late Medieval Nordic Countries*, þá er líklegt að svartidauðinn á norðurlöndum hafi jafnvel grandað allt að tveimur þriðju landsmanna á þeim 150 til 200 árum sem hann geisaði.<sup>61</sup> Benedictow nefnir einnig að þeir íslensku annálar sem minnst á svartadauða í Noregi séu Lögmannsannáll og Gottskálksannáll. Hann bendir á að greinilegt sé að Einar Hafliðason, höfundur Lögmannsannáls, sé tengdur Ormi Hólabiskupi sem var staddur í Noregi þegar svartidauði geisaði en Ormur lifði hann af og kom síðan til Íslands 1351.<sup>62</sup> Vegna svartadauða og fékkun biskupa hefur staða Jóns orðið mikilvægari og líklegt er að hann ásamt Ormi hafi tekið þátt í að skipa í biskupsembætti líkt og stendur í sömu efnisgrein Flateyjarannáls þar sem segir; „vígður Gyrðir Ívarsson til biskups í Skálholti. herra Gilbrikt til Björgvinjar af Salomone í Osló.“<sup>63</sup>

Jón kemur ekki við sögu aftur fyrr en árið 1356 en í Annálsbroti frá Skálholti stendur;

„Jón Eiríksson er vígður var til Grændlands fyrir xiiij vetrum fór á páfagarð til at verða Hólabiskup þá var Innocencius vi fékk hann ekki að sinni skilríki af páfans curia en var heitið að bréf skyldi koma í Flandurs og þar út leysast með peningum hvað svo gerðist og er það kom til Björgvinar tók hann transkriftum. svo hljóðandi af því með ij ábóta innsiglum og þessi klausa stóð þar í. vér felum yður á hendi erkibiskup segir páfinn að þú fyrirskipir þá persono Hólakirkju til biskups hver vilji. viti. og megi. þá sömu kirkju viturlega stýra eða veitið honum vígslugjöf eða látið veita fyrir annan biskup hafanda náð og samsæti postoligs sætis og að þessu embætti að standendum ij eða iij réttkristnum biskupum og

---

<sup>60</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 404.

<sup>61</sup> Benedictow, *Plague in Late Medieval Nordic Countries*, bls. 107.

<sup>62</sup> Benedictow, *Plague in Late Medieval Nordic Countries*, bls. 44.

<sup>63</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 404.

skrifi oss aftur aftur venjulegan eið skuldbundins trúnaðar. eftir því formi sem vér sendum yður undir voru bulla<sup>64</sup> inni luktú.“<sup>65</sup>

Mun styttri lýsingu má finna í Skálholtsannál sem er tímasett árið 1354. Markar þessi atburður mikil tímamót í ævisögu Jóns og átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Hér virðist gefið í skyn að Innocencius VII páfi hafi séð einhverja galla á skipan hans og vísað málinu til erkibiskups. Kannski var það óvenjulegt af Jóni að leita á fund páfa í stað þess að fara til síns næsta yfirmanns, erkibiskupsins í Niðarósi. Um þetta virðast miklar deilur á Norðurlandi næstkomandi ár snúast, það er lögmæti valdastöðu Jóns út af skorti á skilríkjum. Það að annálaritarar annálsbrotsins frá Skálholti virðast með þessari frásögn draga í efa réttmæti embættisskipunarinnar, með því að gefa til kynna að páfinn hafi ekki viljað staðfesta skipun Jóns, sýnir kannski að prestar á Möðruvallarklaustri hafi haft hagsmuna að gæta í þessum málum.

Töluvert styttri lýsing er skráð í Gottskálksannál (1356) og fjallar annállinn ekkert um þessar tafir á afhendingu skilríkja Jóns fyrir embætti Hólabiskups og svipaða sögu er að finna í Lögmanns- og Flateyjarannál, en í Lögmannsannál er minnst á heimsókn Jóns til páfans með nánast sömu orðum aðeins ári seinna. Líkt og virðist vera nánast gegnum gangandi þessa rannsókn þá fylgir Flateyjarannál Lögmannsannál að miklu leiti og er að töluverðu leiti ritaður beint upp úr honum. Aftur á móti, líkt og síðar mun koma í ljós, þá eru frásagnir í Flateyjarannál sem ekki er að finna annarstaðar. Þar af leiðandi er mikilvægt að hafa hugfast og athuga hvort einhverjar sértækar upplýsingar sé að finna innan hvers annála.

## 4.1 Jón Hólabiskup

Árið 1358 segir í Lögmannsannál;

„Útkoma Jóns biskups skalla. braut skipið Benedikz bátinn í spón er hann var á. týndist allt góss mjög svo en mannbjörg varð. Reið hann heim til Hóla og tóku allir Norðlendingar sem best við honum. og söng hann fyrstu messo á allra

---

<sup>64</sup> Bréf páfa með áföstu innsigli hans.

<sup>65</sup> Storm, *Íslandske Annaler indtil 1578*, bls. 224-225.

heilagra messo. á Hólum. og var honum offrat stór fé. krafðe eingin hann skilríkis af lærdum mönnum að sýna. enda var ekki upp lesið á kór.“<sup>66</sup>

Það er heldur óljóst hvaða Benedikt er verið að fjalla um í þessari frásögn en það er hugsanlegt að báturinn sem talað er um hafi verið nefndur Benedikt. Ekki er ljóst hvort venjan var að krefja komandi biskupa um skilríki en samkvæmt þessari frásögn var Jón ekki krafin slíkra skilríkja. Undarlegt er að skilríkjalaus maður strandaði á eyju og telst vera rétttækur embættismaður einnar mikilvægustu og voldugustu stöðu alls landsins og allir virðast taka honum fagnandi og spyrja hann einskis. Ætla má að Norðlendingar hafi vitað deili á Jóni og því óþarfi að biðja hann um skilríki. Getur verið að Einar Hafliðason, ritari Lögmannsánnáls og stuðningsmaður Jóns skalla, sé hér að benda á að enginn hafi gert veður út að þessum skilríkjum þegar Jón tók við Hólabiskupssembættinu og því grundvallist síðari anstaða við Jón á yfirsjón lærðra Norðlendinga. Þannig gefur Einar lesendanum aðra sýn á þetta mál sem vert er að velta fyrir sér, á sama tíma og hann gagnrýnir klerka á Hólum undir rós. Þá er ekki ólíklegt að skilríkjin hafi týnst með öllu góssinu í skipsskaðanum. Í norska forbréfasafninu er þó gert grein fyrir skilríkjunum frá páfa sem hann sendi 1357 til Flanders þar sem Jón skalli tók við þeim. Þar segir einnig að hann hafi tekið afrit af þeim sem að hann síðan tók með sér til Íslands 1. nóvember 1358.<sup>67</sup> Styður þetta þá ályktun að einhver önnur ástæða liggja á bakvið því hvers vegna prestar á Norðurlandi snérust gegn Jóni seinna meir.

Æðstu menn Norðurlands fengu skipun frá yfirvaldinu, hugsanlega frá hinum óvinsæla Jóni Guttormssyni skráveifu (d. 1362) sem var þá hirðstjóri yfir Norðurlandi og lögmaður norðan og vestan (1361-1362), um að fylgja Jóni skalla en þar af leiðandi hafa þeir vitað af komu hans. Ekkert er þó víst í þessum málum og er skortur heimilda aðal vandamálið. Í lýsingu Flateyjaránnáls sem svipar lýsingu Lögmannsánnáls en bætir við mikilvægum upplýsingum; „lagði Þorsteinn Hallsson í hönd honum officiolatus innsigli án lærðra manna ráði. var engis skilríkis krafist af honum. gáfu allir menn sig lærdir og leikir undir hans hlýðni.“<sup>68</sup> Þorsteinn Hallsson var mikilsmegandi prestur á Norðurlandi, sem margir litu upp til. Hann var líka „officialis“ það er staðgengill biskups og hefur

---

<sup>66</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 277.

<sup>67</sup> *Regesta Norvegica VI 1351-1369*, bls. 193.

<sup>68</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 406-407.

farið með innsigli hans á meðan enginn biskupa var í Hólabiskupsdæmi og afhenti hann Jóni innsiglið sem átti að vera fullnægjandi skjal fyrir stöðu hans sem Hólabiskup. Hefur þetta innsigli dugað honum í einhvern tíma þar sem menn virtust hlíða honum en það var síðar Þorsteinn sjálfur sem efaðist um stöðu Jóns og varð þá líka fljótlega aðal andstæðingur hans.

Lögmanssannáll styður þá sögu að vitað hafi verið af komu Jóns skalla úr páfagarði og að Ólafur erkibiskup (erkibiskup 1350-1370) hafi skipað hann sem Hólabiskup og að það hafi verið staðfest með kórsöng í Dómkirkjunni í Niðarósi.

## 4.2 Ágreiningur vegna skilríkjaleysis

Árið 1359 segir í Annálsbroti frá Skálholti; „Útkoma Jóns biskups. braut skipið og fórst mikill hluti góssins og heim komin til Hóla. gaf upp Þorsteinn officialatum því að það var orðfleytt bæði í Noregi og á Íslandi að hann væri löglegur Hólabiskup...“.<sup>71</sup> Hér virðist sem áður að búið var að staðfesta stöðu Jóns sem Hólabiskup og virðist enginn efast um réttmæti hennar. Gæti þessi frásögn verið sú sama og í Lögmanssannál ári áður en hin kunna skekkja kann að hafa ollið þessu. En samkvæmt sama annál þá gerðist það 1361 að;

„Hófst sundurlyndi milli Jóns biskups og kennimanna og eigi síður leikmanna í Eyjafirði. Síra Þorsteinn og prestar fyrir norðan heiðar til Ljósavatnsskarðs og með þeim leikmenn komu til Hóla in festo Katerine því að biskup hafði vænt síra Þorsteini að skilríki lægi að Hólum og er þeir komu til Hóla varnaði biskup þeim viðtals. Síra Þorsteinn fór upp á herbergi þar er biskup sat í og krafði hann þrisvar skilríkis til þess að hann væri löglegur Hólabiskup. Oft nefndur Þorsteinn sagði þá upp allri hlýðni við biskup og allir prestar þeir er er (!) honum fylgdu. biskup kallaði þá í banni en prestar sungu sem áður.“<sup>72</sup>

Hvað olli þessu sundurlyndi milli fylgismanna Jóns og andstæðinga er óljóst, hver var hinn raunverulegi ágreiningur. Mögulega var hann óvinsæll því hann var útlendingur líkt og fyrirrennari hans Ormur Ásláksson sem hafði verið illa þokkaður. Ormur varð óvinsæll af landsmönnum vegna fégræðgi og var einnig talin hirða minna um andleg mál en veraldleg.

---

<sup>71</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 225.

<sup>72</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 225.

Snérust bændur norðanlands þá gegn Ormi sem endaði með því að hann fór utan 1345 til að styrkja stöðu sína.<sup>73</sup> Ormur snýr svo aftur til Íslands 1351 og hafði þá fengið verndarbréf konungs þar sem rituð voru hörð orð um andstöðu Norðlendinga og í kjölfarið var nokkrum þeirra stefnt utan á konungsfund. Samt héldu átökin áfram þar til að Ormur taldi sér ekki lengur vært á Hólum og flutti aftur til Noregs 1354 þar sem hann lést tveimur árum síðar eins og áður getur.<sup>74</sup> Möguleg ástæða fyrir fjandskap Norðlendinga í garð Jóns gæti verið sú sama að Jón skalli hafi skipt sér meira af fjármálum og stjórn kirkjustaða en menn sættu sig við. Gæti verið ágreiningurinn um réttu pappírana átylla Norðlendinga til að endurvekja fyrri ágreining sinn við Orm biskup.

Samkvæmt Lögmannsannál er það ekki fyrr en ári seinna eða 1361 sem að flestir prestar segja upp löghlýðni við Jón skalla en Lögmannsannáll bætir við;

„...tóku þeir prestar síðan undir sig allt góss Hólastaðar í sögðu takmarki. möðruvallarstað. Stóð síra Einar Hafliða son fyrstur og fremstur með Jóni biskopi og allir prestar um skagafjörð og vestur til Hrútafjarðar ár. tók Jón biskup af þessum öllum prestum messu embætti en þeir sungu á einn veg sem áður. gripu þeir boðskap biskups hvar sem þeir kunnu að fá svo af lærðum mönnum nauðgum brjótandi kristur á Silfrastöðum. í heilagri kirkju grípandi þar brott og vín er þangað hafði gefist frá Hólum.“<sup>75</sup>

Líkt og segir hér í Lögmannsannál fara aðstæður að snúast Jóni verulega í óhag. Þrátt fyrir það virðist Jón hafa haft einhverja liðsmenn líkt og Einar Hafliðason sem nefnir líka sjálfan sig í ofanverðri frásögn. Hann var frá Breiðabólstað í Vesturhópi og var þar prestur í nærri hálfu öld. Einar var einn af höfuðklerkum Norðlendinga og gegndi stundum starfi Hólaráðsmanns og var officialis nokkrum sinnum. Hann var þó þekktastur fyrir ritstörf sín enda skráði hann meðal annars Lögmannsannál. Það er greinilegt að í annál sínum tekur Einar afstöðu með Jóni skalla og hefur ef til vill haft töluverða samúð með honum enda var hann ráðsmaður Jóns í einhvern tíma. Einnig er athugunarvert að enginn hinna annálanna minnst þess að norðlenskir prestar tóku undir sig allt góss sem tilheyrði staðnum á Hólum

---

<sup>73</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 222.

<sup>74</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 224.

<sup>75</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 278.



og því dregur Einar upp heldur neikvæða mynd af þeim prestum sem fóru gegn Jóni. Þrátt fyrir að hann sé ekki alveg óháð heimild í alla staði þá hefur Lögmannsannáll þótt vera með áreiðanlegri annálum. Annállinn kemur fram með ýmsar upplýsingar sem ekki er að finna annarsstaðar en í þessu tilviki virðist hann ekki vera óháð heimild. Einar virðist frekar taka afstöðu með Jóni skalla en á sama tíma útskýrir hann betur en hinir annálarnir deilumál norðlenskra presta gegn Jóni. Vitaskuld hefur Einar þekkt Jón vel og hugsanlegt að þeir hafi verið góðir vinir. Hins vegar gæti verið að Einar hafi reynt að vera óhlutdrægur í skrifum en það má einungis greina með því að bera skrif hans saman við aðrar heimildir. Þrátt fyrir að Einar sé varla hlutlaus heimild, eru hinir annálarnir það ekki heldur, og á meðan Einar tekur afstöðu með Jóni þá taka aðrir annálar eins afstöðu með andstæðingum hans, Þorsteini Hallsyni og hans mönnum.

Talið er að haustið 1361 hafi, líkt og hér segir í hinum annálunum, norðlenskir prestar undir forystu séra Þorsteins Hallssonar á Hrafnagili risið gegn Jóni skalla og neitað að viðurkenna hann sem yfirboðara sinn. Skiptar skoðanir hafa verið á því af hverju þessi andstaða stafaði en sumir töldu hann vera Grænlandsbiskup<sup>76</sup> en ekki rétt skipaðan Hólabiskup. Jón hafði komist upp með að halda stöðu sinni í fáein ár án þess að sýna nokkrum manni skilríki sín, sem má þykja undarlegt ef það var venjan að sýna þau, en þegar hann var beðinn þau neitaði hann þeirri beiðni. Í Lögmannsannál virðist Einar Hafliðason vera að ýja að því að engum hafi þótt skipta máli þegar Jón skalli tók við embætti. Hvað sem gerði það að verkum að allt í einu vildu menn fá staðfestingu á stöðu Jóns er spurning sem verður ekki auðveldlega svarað. Það er hugsanlegt að þetta hafi verið átylla sem Þorsteinn Hallsson notar af einhverri ástæðu. Var það vegna þess að Jón var illa þokkaður líkt og Ormur og hafði hann verið að misnota vald sitt á einhvern hátt eða persónulegar deilur þeirra? Hvað sem olli óvinsældum Jóns þá hefur Þorsteinn komið af stað skriðu sem fór sífellt vaxandi og fyrir en varði vildu allir sjá skilríki biskups. Þrátt fyrir að andstæðingar Jóns urðu margir þá voru ávallt menn sem studdu við bakið á honum líkt og landsbróðir hans og hirðstjóri yfir öllu landinu á þessum tíma Smiður Andrésón (d. 1361). Flateyjarannáll endurtekur frásögnina væntanlega eftir Lögmannsannál og segir frá útkomu Jóns biskups og að skipið sem hann sigldi á hafi

---

<sup>76</sup> Hér er verið að vísa í skilríkin sem nefnd eru í Annálsbroti frá Skálholti, sjá Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 224-225.

brotnað árið 1359. Aftur á móti stendur í honum að það hafi ekki verið fyrr en árið 1361 að „Þorsteinn Hallsson sig í mót Jóni biskupi og lét alla presta milli...“.<sup>77</sup> Hér virðist Einar kenna Þorsteini um átökin og á orðalaginu að dæma virðist vanta hlut Jóns að þessu máli.

Önnur heimild sem stendur með Þorstein Hallson og Eyfirðinga er að finna í Annálsbroti frá Skálholti árið 1362; „Útkoma biskupa Þórarins Sigurðarsonar hins xvii Skálholts biskups. og Jóns biskups Eiríkssonar. Fór hann til Hóla eigi með meira skilríki en áður.“ Þarna er annálaritarinn að taka undir skilríkjaleysi Jóns og styður því málstað Þorsteins í deilumálunum, ólíkt afstöðu Lögmannsannáls, og eru þeir því gott dæmi um hvernig annálaritarar gátu breytt sögunni á þennan máta líkt og þeim þóknaðist.

### 4.3 Endurkoma Jóns Hólabiskups

Lögmannsannáll hefur, líkt og áður, meiri samúð með Jóni eins og sést árið 1362; „Item utanferð Jóns biskups sat hann í Þrándheimi um veturinn og fékk engan léttu af Ólafi erkibiskupi í sínum málum.“<sup>78</sup> Líkt og Erika bendir á nær skrásetning Einars aðeins til 1361 og önnur rithönd tekur við fram til 1380. Það hefur þá hugsanlega verið rithönd einhvers sem ekki var jafn hliðhollur Jóni og Einar virtist hafa verið. Eftir heimkomu hans verða þáttaskil í málum Jóns og fara hlutirnir loksins að snúast honum í vil.

Sáttarfundur var á Hólum, líklegast þann 14. apríl 1361 (ef tekið er mark á rökum Einars Bjarnasonar fyrir því að Grundarbardagi hafi verið 1361), en ekki varð af sáttum.<sup>79</sup> Um sumarið eftir Alþingi reið Smiður Andrésón hirstjóri ásamt lögmonnum sínum þeim Jóni skráveifu Guttormssyni og Ormi Snorrasynti (1320-1402) og ætlaði að kveða niður mótþróa meðal Eyfirðinga.<sup>80</sup> Vænta má að Jón hafi farið út á fund við Ólaf erkibiskups í Þrándheimi fljótlega eftir sáttarfundinn á Hólum, en líkt og Lögmannsannáll segir þá fékk Jón enga lausn sinna mála. Þarna var Jón komin til Ólafs erkibiskups til að biðja hann um aðstoð sem hann vildi greinilega ekki veita honum. Óljóst er hver afstaða erkibiskups var til Jóns og hvers vegna hann aðstoðar hann ekki en möguleg skýring á því gæti verið einhver tengsl hafi verið á milli erkibiskups og

---

<sup>77</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 408.

<sup>78</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 279.

<sup>79</sup> Einar Bjarnason, „Árni Þórðarson, Smiður Andrésón og Grundar-Helga“, bls. 94-95.

<sup>80</sup> Sverrir Jakobsson, „Ísland til leigu“, bls. 76-84.

Norðlendinga. Einnig mætti álykta að erkibiskup hafi verið reiður Jóni fyrir að hafa leitað til páfans um skipun frekar en til sín. Flateyjarannáll árssetur utanför Jóns 1361 en í þessu tilfelli endurtekur annállinn ekki tímavillur Lögmannsannáls líkt og hann gerir oft. Þar sem þessar upplýsingar stemma þá má reikna með að þær séu áreiðanlegar en þó er tímatal Flateyjarannáls að öllum líkindum vitlaust. Áfram segir þessi setning okkur frá aðstæðum Jóns sem voru ekki góðar og hefur hann neyðst til að fara til Flanders í Niðurlöndum til að sækja skilríki sín sem Innocensius páfi úthlutaði honum. Það var eina leiðin fyrir hann til að snúa aftur til Hólabiskupsdæmis með skilríki sem voru marktæk og þannig sættast við Norðlendinga fyrir fullt og allt. Af einhverjum ástæðum virðist hann þó ekki gera það og vitaskuld voru Norðlendingar eftir sem áður á móti honum í þessum málum líkt og segir í Annálsborti frá Skálholti árið 1364; „engin létir eða bréf komu af páfans curia né af erkibiskupi til styrkingar Jóni biskupi því voru Eyfirðingar hinir sömu og fyrr...“<sup>81</sup> Það er athyglisvert að aðeins Annálsbrotið heldur því fram að Jóni hafið borið að sýna einhver skilríki og þannig mætti álykta að andstaðan við hann hlyti að snúast um eitthvað annað en það. En þá gerist nokkuð sem er ekki lýst fullkomlega í neinum af annálunum en í sömu efnisgrein í annálsbroti frá Skálholti stendur nefnilega „...í sínum skilningi að þeim sýndist Jón biskup ólöglega halda stólinn en Jón biskup kallaðist með öllu löglega til stólsins kominn því rak hann sýslu vestur í sveitir. Tóku flestir menn við honum...“<sup>82</sup> Það liggur mjög óljóst fyrir hvers vegna Eyfirðingar fara skyndilega að sættast við Jón skalla nema að þeir misstu foringja sinn Þorstein prest Hallson sem samkvæmt annálsbroti frá Skálholti andaðist 1363. Bendir þetta kannski til að hlutur Þorsteins í andstöðunni við Jón hafi verið mikill, enda er það hann sem kemur henni af stað lýkt og fram kemur í Lögmannsannál. Fjarvera Þorsteins hefur haft þau áhrif að prestar á Norðurlandi hafa frekar leitað til Jóns til leiðsagnar og stuðnings og með tímanum þá hafa flestir vingast við hann nema líkt og segir í annálsbrotinu „Sigurður bóndi á Silfrastöðum.“<sup>83</sup> Þannig séð var það lán fyrir Jón að Þorsteinn skildi falla frá.

---

<sup>81</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 227.

<sup>82</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 227.

<sup>83</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 227.

Hingað til hefur töluvert verið ritað í annálum um afstöðu Norðlendinga og þá sérstaklega Eyfirðinga í garð Jóns skalla og þannig geta annálarnir gefið okkur innsýn inn í mismunandi skoðanir Íslendinga í hinum ýmsu málefnum. Það segir líka nokkuð að Eyfirðingar hættu fljótlega mótspyrnu gegn Jóni eftir að þáverandi leiðtogi þeirra Þorsteinn Hallson féll frá en hann var með þeim fyrstu til að óhlýðnast honum og hélt messur þrátt fyrir að honum væri það óheimilt. Þannig að á skömmum tíma brotnaði mesta andspyrnan gegn honum á skömmum tíma þrátt fyrir skilríkjaleysi.

Þá segir næst frá Jóni í annálsbroti frá Skálholti árið 1366; „...að hver sá leikmaður sem eigi héldi Jón biskup Eiríksson réttan Hólabiskup skildi luka kóngi xiij merk og vij aurtugar en bændur höfðu það að engu.“<sup>85</sup> Er þetta ágætis dæmi um hvernig konungur gat sett ný lög og reglur sem skildi fylgja og þannig stjórnað Íslendingum. Með þessu móti hefur Hákonni konungi væntanlega tekist að minnka andspyrnu gegn Hólabiskupi töluvert þar sem ekki voru margir bændur sem voru reiðubúnir og nægilega ríkir til að borga þennan skatt oná tíundina sem öllum bar skilda til að greiða. Það má þó þykja undarlegt að konungur skyldi taka afstöðu með Jóni skalla eftir að Ólafur erkibiskup neitaði að færa honum skilríki eða aðstoð á nokkurn máta árið 1362.

#### 4.4 Eftir sáttargjörð

Líkt og áður hefur komið í ljós er Lögmansannáll heimild sem almennt er hliðholl Jóni en árið 1370 segir annállinn frá því að Jón hafi ennþá talið sig þurfa á vottorði frá páfa að halda; „Utanferð herra Jóns biskups fór hann til Róm og fékk litteram confirmacioniss af Urbano páfa með hans bulla<sup>86</sup> til biskupsstólsins á Hólum. síra Einar Hafliðason var officialis og ráðsmaður á Hólum meðan hann fór brott.“<sup>87</sup> Líkt og Erika Sigurdson bendir á þá var skráning Lögmansannáls haldið áfram af öðrum mönnum, þrátt fyrir að Einar hafi enn verið á lífi.<sup>88</sup> Í Flateyjarannál er aðeins skemmri lýsing og einhverra hluta vegna ársett 1371. Harla vert að nefna Oddverjaannál því lítið sem ekkert ritað um þetta atvik líkt og svo oft áður.

---

<sup>85</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 227.

<sup>86</sup> Bréf páfa með áföstu innsigli hans.

<sup>87</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 279-280.

<sup>88</sup> Erika Sigurdson, *The Church in fourteenth-Century Iceland*, bls. 69.

Það var því loksins þetta ár (1370) að Jón leggur af stað í ferðalag og snýr aftur til Rómar til að fá afhend skilríki „...litteram confirmacioniss...“ frá Urbanus V páfa. Í norskum skráum er einnig gert grein fyrir þessu bréfi frá Urban V sent frá Róm þar sem hann staðfestir stöðu Jóns skalla sem biskup á Hólum.<sup>89</sup> Vænta má að þetta hafi en bætt stöðu Norðlendinga gagnvart Jóni, sem var eflaust betri eftir fráfall Þorsteins Hallssonar, þó Jón hafi talið sig eftir sem áður þurfa á staðfestingu að halda til gera embættisstöðu sýna óumdeilanlega. Líkt og segir í Lögmannsannál árið 1371 um sömu lýsingu og í Flateyjarannál nema skrásett einu ári síðar eða 1372; „útkoma Jóns biskups með bréfum páfans. gengu til sættar allir Eyfirðingar leikir og lærðir.“<sup>90</sup> Fyrir Jón var þetta mikill sigur en þó eftir langhrjáða baráttu sem virtist snúast um skilríkin en var kannski annars eðlis. Hitt er annað mál hvort að grundvöllur þessara deilna var í raun annar en bara skilríkjaleysi Jóns skalla en til að komast að því ber lesendum að lesa á milli línanna. Flestum annálaritutum virðist finnast það vera nægileg ástæða fyrir Norðlendinga að fara gegn skipunum Jóns og minnst ekki á neina aðrar ástæður fyrir átökunum, en þá má spyrja sig hvort Jón hefði lent í svipuðum átökum við Norðlendinga ef hann hefði getað sýnt skilríkin.

Næst segir frá Jóni í Lögmannsannál árið 1374 og Flateyjarannál ári seinna; „utanferð herra Jóns á Maríubollanum er hann hafði reisa látið.“ Þar sem Jón var norskur er líklegt að skipið Maríubollinn hafi verið smíðað í Noregi.<sup>91</sup> Samkvæmt þessari lýsingu þá lét Jón skalli smíða þetta skip og má þá segja að þetta sé ágætis dæmi um það vald sem Hólabiskup á þessum tíma hafði svo ekki sé minnst á tengsl við Noreg. Það er gefið að mikið af fjármunum þurfti til að smíða heilt skip og það er spurning hvort að hann hafi fengið styrk frá norska kirkjuveldinu til þess að reisa skipið til embættisferða í þágu kirkjunnar. Reyndar ber að athuga að strax á eftir þessari setningu stendur; „kallaði kongurinn sér skipið. Item lést Magnús kongur í sjó með sínum mönnum.“ Á undarlegan hátt virðist annállinn segja að konungur hafi eignað sér skipið sem Jón lét smíða og stuttu seinna lætur konungur lífið á sjó. Það er hugsanlegt að Magnús konungur hafi í raun látið lífið á sjó í Maríubollanum þar sem við fyrstu sýn virðist það einmitt vera svo. Við frekari skoðun á annálunum í heild sinni ber að hafa vara á að tengja saman sfrásagnir

---

<sup>89</sup> *Regesta Norvegica VII 1370-1390*, bls. 68.

<sup>90</sup> Storm, *Íslandske Annaler indtil 1578*, bls. 411.

<sup>91</sup> *Saga Íslands* 4, bls. 179.

sem skráðar eru í sömu setningu. Aðrar reglur tíðkuðust að sjálfsögðu fyrr á öldum heldur en gerir í dag og atburðum oft rugglað saman í eina efnisgrein án þess að önnur tenging sé á milli þeirra önnur en að þeir áttu sér stað á sama ári.

Um dauðaár Jóns skalla virðast þeir tveir annálar sem það nefna vera sammála. Gottskálksannáll skráir árið 1391; „O (herra) Jóns biskups skalla Eiríkssonar að Hólum.“<sup>92</sup> Aftur líkt og í tilfelli Gríms merki „O“ að viðkomandi er látin á meðan Flateyjarannáll skráir dauða hans á skýrari máta; „ andaðist Jón biskup að Hólum Laurencius messo dag.“<sup>93</sup>

---

<sup>92</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 367.

<sup>93</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 417.

## 5 Áreiðanleiki

Þó að annálarnir geti virst áreiðanlegir um margt þá getur óreiða á atburðum og samhengisleysi valdið misskilningi en þá ber einmitt að greina þá ítarlega svo að hægt sé að komast hvað næst sannleiksgildi þeirra. Til dæmis í Gottskálksannál árið 1374 segir „Utanferð Jóns biskups að Hólum og Norðlendingar og því skipi er þeir létu sjálfir gjöra.“<sup>94</sup> Í þessari frásögn er spurning hvað Norðlendingar, og þá einnig hvaða Norðlendingar, höfðu að gera með að fara með Jóni á Maríubollanum og hvert för þeirra var heitið. Er þetta dæmi um skort upplýsinga í annálum og sýnir að oft geta þeir ekki staðið einir sem frumheimild þar sem margar mikilvægar upplýsingar vantar í frásögnina. Líkt og í þessu tilfelli vekja annálar þá oft fleiri spurninga heldur en þeir svara.

Um áreiðanleika annála má segja að hann eykst eftir því sem meira samræmi er á milli þeirra. Ætla má að annálaritararnir hafi haft það að megin reglu að segja satt og rétt frá og halda hlutleysi en ljóst er að þeir gerðu það ekki alltaf. Það verður því ennþá óljóst hvaða annálaritarar héldu sér við staðreyndir á þess að túlka atburði. Framsetning þeirra gefur ágæta heildarsýn á sögulega atburði og lýsir tíðarandanum, hvað þótti merkilegt að skrá og hvað ekki. Einnig gefur viðhorf annálaritara, á því t.d. af hverju eitthvað gerðist, lesendanum ákveðna hugmynd um það hver afstaða sumra manna var til voldugra leiðtoga eða yfirmanna.

Haug hefur fjallað um hvernig hægt er að rannsaka hugsunarhátt Íslendinga á miðöldum og hversu áhugasamir margir annálaritarar virðast hafa verið um atburði sem að mönnum myndi varla þykja skrásetningaverðir í dag, líkt og drauma og kraftaverkasögur sem þeir skráðu niður.<sup>95</sup> Þrátt fyrir að umtöluð kraftaverk kunna að vekja hrifningu lesenda þá dregur þetta að einhverju leiti úr heimildagildi og trúverðugleika frásagnarinnar í sumum tilfellum þar sem á vígsl er blandað saman raunverulegum atburðum og hindurvitnum. Til dæmis um þetta má skoða Annálsbrot frá

---

<sup>94</sup> Storm, *Íslandske Annaler indtil 1578*, bls. 363.

<sup>95</sup> Haug, Eldbjørg, „The Icelandic Annals as historical sources“, bls 272.

Skálholti árið 1370 sem segir frá komu Jóns skalla en heldur síðan áfram með frásögn sem er svo hljóðandi;

„Komu að henni íj kettir stórir og tóku í sitt möttulskautið hvor þeirra og leiddu hana með sér og er þeir höfðu leitt nokkra stund þá tók annar kötturinn til orða. er þitt sagði annar. eigi sagði annar. þá leiddu þeir hana en og tolláðu þrisvar. Þá létu þeir hana lausa og fór hún heim. og þá áður hún kom heim þá tók hún sótt og andaðist litlu síðar.“<sup>96</sup>

Í þessu tilfelli er heldur óljóst hvaða konu er verið að fjalla um en líf hennar endar með því að hún fékk drepsótt og lést. Upplýsingar líkt og þessar geta dregið heilmikið úr heimildagildi annála þar sem ekkert er trúverðugt í þessari frásögn nema að einhver kona fékk sótt og lést. Gerir þetta frásögnina af Jóni skalla hér rétt á undan heldur óvissari og dregur verulega úr sannleiksgildi hennar. Aftur á móti er nánast hægt að staðfesta að margar upplýsingar sem koma fram í annálum séu eins nálægt sannleikanum og hugsast gat á þeim tíma, þó að skrásetjarinn setji sinn lit á frásögnina. Þetta má sjá með því að bera saman skráningu ártala þeirra og hvernig annálaritararnir greina frá atburðum.

---

<sup>96</sup> Storm, *Islandske Annaler indtil 1578*, bls. 228-229.



## Niðurstaða

Saga Jóns biskups skalla og Gríms Þorsteinssonar lögmanns og hirðstjóra eru vægast sagt ólíkar en geta þar af leiðandi gefið lesandanum ágætis sýn á hvernig afstaða annálaritara er til þessara ólíku manna. Það verður fljótlega greinilegt hversu miklu meira hefur verið skrifað um Jón heldur en Grím en væntanlega er aðal ástæðan fyrir því sú að kirkjumál voru oft talin mikilvægari en veraldleg mál. Einnig gæti skipt máli að annálar eru almennt greinabetri um það sem gerist eftir 1360 en um atburði sem áttu sér stað á milli 1320 og 1350. Þannig má segja að þessi samaburður gefi okkur líka töluverða innsýn inn í hugarheim manna á fjórtánda öld og hugsanlega einnig hversu trúaðir þeir voru í raun og veru. En kirkjumál snertu líka hagsmuni allra landsmanna þar sem enginn var undanskilin þess að greiða tíund til kirkjunnar, nema þeir sem voru undir lágmarkseign, þannig að oft áttu menn veraldlegra hagsmuna að gæta í samskiptum við kirkjuna. Flest annálaritun virðist eiga bein tengsl við kirkjumiðstöðvar, biskupsstóla og klaustur. Aðeins fáa annála er hægt að tengja beinlínis við veraldlegar valdamiðstöðvar, þannig að annálaritunin lá aðalega í höndum kirkjunnar manna. En þrátt fyrir að biskupar gátu verið áhrifamiklir í þeim málum sem snertu kirkjuna þá voru það samt lögmennt og fyrst og fremst hirðstjórar sem stjórnðu landinu. Það má þannig þykja undarlegt að oft, líkt og í tilfelli Jóns og Gríms, var mun minna ritað um lögmennt og hirðstjóra en biskupa og jafnvel presta. Þó ber að nefna að oftast en ekki gegndu biskupar stöðu sinni töluvert lengur en lögmennt og hirðstjórar á þessu tímabili. Yfirleitt var ekki ritað um aðra mennt en þá sem gegndu mikilvægum embættum eða voru áhrifamiklir en þetta tvennt hélst vissulega í hendur. Mitt mat á því að meira var skrifað um Jón er að hann var mikilvægari og áhrifameiri en Grímur enda sat hann lengur við völd.

Önnur skýring gæti tengst áhuga manna á mikilvægi alls hins andlega og guðdómlega og trú á kraftaverk og yfirnáttúruleg fyrirbæri. Ef sú var raunin þá hafa mál og aðgerðir biskupa og presta þótt sérstaklega áhugaverð, þar sem þeir voru brúin á milli hins veraldlega og hins yfirnáttúrulega og guðdómlega. Annálar fjalla allmikið um þetta sem dregur að einhverju leiti úr trúverðuleika þeirra og áhugavert væri að rannsaka það nánar líkt og Haug hefur gert.

Íslensku annálarnir sem ritaðir voru á fjórtánda öld ætti frekar að rannsaka sem sögulega leif en sem trausta frásögn. Að mínu mati ber sagnfræðingum að rannsaka þá og gagnrýna með þessum hætti í stað þess að reyna að leitast við að finna hið empiríska sannleiksgildi þeirra þar sem skráð efnisatriði þeirra endurspeгла alltaf tíðarandann. Þannig ber rannsakendum að hafa í huga sem flest er vitað um sögu og menningu tímabilsins til að meta frásagnir. Þannig má kalla greiningu annála einskonar túlkunarfræðilega úrvinnslu sem smám saman upplýsir okkur um hinar ýmsu hliðar samfélagsins og menningu miðalda á Íslandi.

## Heimildaskrá

Benedictow, Ole Jørgen, *Plague in Late Medieval Nordic Countries* (Oslo 1992).

Dahl, Ottar, *Grunntrekk i historieforskningens metodelære* (Oslo 1967).

Einar Bjarnason, „Árni Þórðarson, Smiður Andrésson og Grundar-Helga“, *Saga XII* (1974), bls. 88-108.

Gunnar Karlsson, *Inngangur að Miðöldum. Handbók í Íslenskri miðaldasögu I* (Reykjavík 2007).

Haug, Eldbjörg, „The Icelandic annals as historical sources“, *Scandinavian Journal of History* (1997), bls 264-274.

Hermann Pálsson, *Eftir Þjóðveldið. Heimildir annála um Íslenzka sögu 1268-98* (Reykjavík 1965).

*Islandske annaler indtil 1578*, útgefandi Gustav Storm (Oslo 1888).

*Regesta Norvegica VI 1351-1369*, útgefandi Halvor Kjellberg (Oslo 1993).

*Regesta Norvegica VII 1370-1390*, útgefendur Gunnar I. Pettersen og Knut Sprauten (Oslo 1997).

Rowe, Elizabeth Ashman, *The Development of Flateyrbók. Iceland and the Norwegian Dynastic Crisis of 1389* (Odense 2005).

Sigurdson, Erika Ruth, *The Church in Fourteenth-Century Iceland. Ecclesiastical Administration, Literacy, and the Formation of an Elite Clerical Identity*, (The University of Leeds 2011).

Sverrir Jakobsson, „Ísland til leigu. Átök og andstæður 1350-1375.“, *Saga XIV* (2014), bls.76-97.

*Um Auðunarstofu*, ritstjóri Þorsteinn Gunnarsson (Reykjavík 2004).

